



JAFNLAUNASTEFNA LANDSBANKANS

MARKMIÐ

Það er stefna Landsbankans að fylgja jafnréttislögum nr.10/2008 og öðrum reglum og lögum um að konum og körlum sé ekki mismunað og að einstaklingar skuli fá greidd jöfn laun fyrir jafnverðmæt störf.

UMFANG

Jafnlaunastefnan nær til alls starfsfólks Landsbankans og er aðgengileg á vef bankans.

LAGALEGAR KRÖFUR

Landsbankinn fylgir lögum, reglum og tilmælum sem mynda grundvöll að skipulagi fyrir jafnlaunastefnu Landsbankans.

HLUTVERK BANKANS

Til að styðja við jafnlaunastefnuna fer bankinn eftir íslenska staðlinum ÍST 85:2012 um jafnlaunakerfi.

Samkvæmt staðlinum skulu launaviðmið vera fyrirfram ákveðin og hvorki fela í sér beina eða óbeina kynbundna mismunun. Ekki skal heldur mismuna á grundvelli annara þátta svo sem kynþáttar, kynhneigðar, trúarbragða eða þjóðernis.

RÁÐSTAFANIR

Bankastjóri sér til þess að settar séu reglur í samræmi við stefnu þessa.

Landsbankinn tryggir að öllum þáttum þessarar stefnu sé framfylgt með ráðstöfunum sem miða að því að stefnan nái fram að ganga.

Til að tryggja eftirfylgni og stöðugar umbætur skuldbindur Landsbankinn sig til að setja sér jafnlaunamarkmið.

Landsbankinn sér til þess að árlega séu framkvæmdar innri og ytri úttektir ásamt launagreiningum til að meta fylgni við stefnu þessa. Niðurstöður þeirra ákveða hvort frekari ráðstafana er þörf ásamt því sem þær mynda grunn fyrir aðgerðum til úrbóta.

RÝNI

Landsbankinn rýnir árlega framfylgni við stefnu þessa og setur markmið fyrir jafnlaunastefnuna á grundvelli niðurstöðu rýninnar. Landsbankinn endurskoðar stefnuna eins og tilefni er til en að lágmarki á tveggja ára fresti.

FREKARI UPPLÝSINGAR

Jafnlaunakerfi Landsbankans er lýst í skjalinu Stjórnkerfi jafnlaunakerfis og auk annarra skjala sem tíunduð eru í stjórnkerfisskjalinu.

Reykjavík, nóvember 2018

Landsbankinn